

## Gæðaviðmið um mat á sérnámsstað/deild/sérgrein/stofnun vegna starfs- og sérfræðináms í læknisfræði, skv. reglugerð nr. 856/2023

### 1.0 Almenn gæðaviðmið og leiðbeiningar varðandi sérnámsgrunn og sérnám.

Samkvæmt gildandi reglugerð um sérnámsgrunn og sérfræðinám í læknisfræði á Íslandi, nr. 856/2023 skal mats- og hæfisnefnd (MHN) skv. IV. kafla reglugerðarinnar (22.-24. gr.) samþykka marklýsingar fyrir sérnámsgrunn og sérnám lækna og meta hvort sérnámsstaður telst fullnægjandi til þess náms sem fyrirhugað er. Sérnámsstaður getur verið heilsugæslustöð, sjúkradeild, göngudeild, sjálfstætt starfandi starfsemi, sérgrein eða heil stofnun.

Mat á marklýsingu og/eða sérnámsstað fer fram að ósk nefndarinnar eða að ósk þess aðila/sérgreinar eða námsstaðar, sem hyggst veita námstækifæri. Matið getur byggst á svörun skriflegs atriða- og spurningalista, á úttekt nefndarinnar með hliðsjón af eftirfylgjandi atriðalistum (A.-J. og #1-7 hér neðar), og/eða á úttekt virts og viðurkennds erlends fagaðila í sama tilgangi.

Mat á marklýsingu fer fram innan nefndarinnar. Óska má eftir ráðgjöf frá aðilum sem nefndin fær til þess (erlendra eða innlendra), og með umsögnum þeirra aðila sem reglugerð nr. 856/2023 tilgreinir. Marklýsing sérnáms í læknisfræði má vera á erlendu máli (skandinavísku máli eða ensku), en þarf að hafa greinargóðan inngang á íslensku og útskýringar á erlendum heitum og hugtökum, ef þær útskýringar eru ekki í **Almennum viðmiðum og leiðbeiningum um sérnám á Íslandi („Gullbókin“)** sem MHN gefur út. Marklýsing sérnámsgrunns skal vera alfarið á íslensku.

Mat á sérnámsstað fer alltaf fram í samvinnu við forsvarsfólk námsins á námsstaðnum, í samstarfi við til þess bæra fulltrúa viðkomandi íslensks fagfélags sérfræðilækna, í samvinnu við framkvæmdastjórn eða yfirstjórn á námsstaðnum og/eða á sjúkrastofnun/háskóladeild.

MHN gefur út viðurkenningu til lengst 5 ára í senn og sendist afrit hennar í kynningarskyni til námsstaðar/deildar, til framkvæmdastjórnar sjúkrahúss eða heilsugæslu eins og við á, til embættis landlæknis, heilsugæslu, háskóladeildar eða sambærilegra aðila sem málið varðar, og til heilbrigðisráðuneytis sem í samvinnu við MHN stendur að opinberri birtingu viðurkenningarinnar, m.a. hjá embætti landlæknis skv. reglugerð 856/2023.

Námsstaður getur með hæfilegum fyrirvara óskað eftir endurmati. Ef MHN samþykkir endurmat, þá skal það framkvæmt eins fljótt og auðið er. MHN getur tilgreint styttri tíma fram til endurmats í viðurkenningunni ef hún telur það nauðsynlegt til að fylgja eftir umbótum. Þá getur nefndin bréflaga og að rökstuddu máli óskað eftir að endurmat fari fram ef svo kann að virðast að námsstaður uppfylli ekki lengur þær kröfur sem gera þarf. Námsstaðir eiga einnig skv. reglugerð nr. 856/2023/2015 að tilkynna MHN um breytingar sem varða sérnámið og sérnámsstaðinn. Aðalsérnámsstaður getur einnig tilkynnt þetta vegna viðbótarsérnámsstaðar.

Tilgangur matsins er að tryggja að um sé að ræða marklýsingu og sérnámsstað(i) sem standast almenn viðmið með hliðsjón af því sem notað er til sambærilegs mats í nágrannalöndum,

einkum í norðvestanverðri Evrópu. Matið er grunnur sem nota má til að aðlaga, bæta og þróa bæði marklýsingu og námsstað og er liður í gæðamati sérnámsins í samvinnu við þá sem koma að stjórnun námsins. Matið skal varpa ljósi á jákvæða jafnt sem neikvæða þætti í sérnáminu og þarf að einkennast af opnu og gagnsæju ferli þar sem taka skal mið af viðhorfum stjórnenda námsins, kennara úr hópi sérfræðilækna og ef þarf, annarra sambærilegra aðila/samstarfsfólks á kennslustofnun, og sérnámslæknanna sjálfra. Lýsa þarf styrkleikum, veikleikum, tækifærum og vanköntum ef við á, og nefndin getur komið með tillögur sem miða að því að efla námsstaðinn.

MHN tekur í starfi sínu mið af reglum í nágrannalöndunum, sbr. eftirfarandi skjöl frá heilbrigðisyfirvöldum þar:

*Bretland:*

<https://www.gmc-uk.org/education/standards-guidance-and-curricula/standards-and-outcomes/excellence-by-design> og skyld skjöl, s.s. [https://www.gmc-uk.org/-/media/documents/generic-professional-capabilities-framework--2109\\_pdf-70417127.pdf](https://www.gmc-uk.org/-/media/documents/generic-professional-capabilities-framework--2109_pdf-70417127.pdf)

*Danmörk:*

<https://www.sst.dk/da/Opgaver/Sundhedsvaesen/Uddannelse/Laeger/Speciallaegeuddannelser>  
<https://www.sst.dk/da/Opgaver/Sundhedsvaesen/Uddannelse/Laeger/Inspektorordning>  
<https://www.sst.dk/da/udgivelser/2015/vejledning-om-evaluering-af-uddannelsesstedet-i-den-laegelige-videreuddannelse>

*Svíþjóð:*

<https://slf.se/app/uploads/2018/07/spur-folder-webben.pdf> og <https://www.lipus.se/og>  
<https://www.socialstyrelsen.se/globalassets/sharepoint-dokument/artikelkatalog/foreskrifter-och-allmanna-rad/2021-2-7212.pdf>

Sérnámsstaður/stofnun/deild sem hefur námslækna skal kynna fyrir almenningi (á heimasíðu og/eða í anddyri/við inngang) að um kennslustofnun fyrir heilbrigðisstörf sé að ræða og tryggja að þátttaka þeirra í starfi deildar eða stofnunar sé þannig að það samræmist fyllstu öryggiskröfum stofnunarinnar og heilbrigðisyfirvalda.

Almennt er mat á marklýsingu og/eða námsstað þáttur í þróun sérnáms fyrir lækna á Íslandi. Almenn tilmæli um sérnám lækna á Íslandi birtast í skjalinu **Almenn viðmið og leiðbeiningar vegna sérnáms í læknisfræði á Íslandi („Gullbókin“)** sem mats- og hæfisnefndin stendur að.

*Ætlast er til þess að bæði sérfræðilæknar og sérnámslæknar kynni sér grunngildi sem fram koma í **Góðum starfsháttum lækna**, sem embætti landlæknis gefur út á Íslandi, og svipuð opinber og fagleg skjöl sem varða læknisstarfið almennt og innan sérhvarrar sérgreinar, bæði á Íslandi og í nágrannalöndunum. Dæmi um góða útlistun þessa má m.a. finna í skjalinu **Generic Professional Capabilities Framework**, sjá [https://www.gmc-uk.org/-/media/documents/generic-professional-capabilities-framework--2109\\_pdf-70417127.pdf](https://www.gmc-uk.org/-/media/documents/generic-professional-capabilities-framework--2109_pdf-70417127.pdf).*

## 2.0 Sérnámsgrunnur (áður starfsnám/kandidatsár).

*Við mat á námsstað er tekið mið af eftirfarandi:*

Meta þarf stærð námsstaðar, starfslið og fjölda skjólstæðinga, vinnuskipulag og vinnuaðstæður. Skoða þarf sértæka handleiðslu og stuðning í starfi við námslækninn, bæði í dagvinnu og á vöktum. Að minnsta kosti tveir fullgildir sérfræðilæknar í fullu starfi skulu vera ráðnir að námsstaðnum (viðurkenna má hlutastöður svo fremi að þær samanlagt nái tveim fullum stöðum) og skal a.m.k. annar þeirra hafa lokið og viðhaldið handleiðaranámskeiði. Meta má tillegg sérfræðilækna úr öðrum skyldum sérgreinum með handleiðsluþekkingu í sérnámi sem eru í starfi á námsstaðnum. Meiri kröfur um fjölda lækna eru gerðar á spítaladeildum en á heilsugæslustöðvum. Á vöktum skal læknir í sérnámsgrunni alltaf hafa greiðan aðgang að sérfræðilækni til ráðgjafar (og/eða reyndum sérnámslækni sem gengur vaktir sérfræðilæknis), bæði í síma og með viðveru innan eðlilegs viðbragðstíma. Þetta er nauðsynlegt til að ná því meginmarkmiði að námslæknirinn læri um og tileinki sér þá nálgun að öryggi skjólstæðinga/sjúklinga sé ávallt í forgrunni. Að auki á þetta fyrirkomulag að tryggja að námslæknar upplifi ávallt nægan stuðning frá sérfræðilæknum við greiningu og meðferð sjúklinga.

Marklýsing sérnámsgrunns skal vera í virkri notkun á námsstaðnum sem leiðbeiningarskjal um inntak og tilgang námsins. Tryggja þarf að sérnámsgrunnslæknirinn sé að tileinka sér þá getu, færni og viðhorf sem þar eru tilgreind. Marklýsingin þarf að vera kunn öllum sérfræðilæknum á námsstaðnum og öðru lykilstarfsfólki eftir atvikum.

Aðgengi að námstækifærum skal vera tryggt með hliðsjón af almennu verklagi á hverri deild/stofnun.

Sérfræðilæknar með ábyrgð á kennslu (kennslustjórar) votta að nám hafi farið fram með réttum hætti og í takt við marklýsingu, og hvað varðar sérnámsgrunninn, tilmæli kennsluráðs sérnámsgrunns (18. gr. reglugerðar nr. 856/2023). Kennsluráð sérnámsgrunns viðurkennir nám í sérnámsgrunni í samræmi við vinnureglur sínar.

Fullnusta námsins á hverjum stað er vottuð skriflega af viðkomandi framkvæmdastjóra lækninga eða fulltrúa hans að loknum námstíma á viðkomandi stofnun.

## 3.0 Sérfræðinám.

*Við mat á námsstað er tekið mið af eftirfarandi:*

Mat á sérfræðinámsstað tekur bæði til sérnáms að hluta eða fulls sérnáms, eftir því hvað er í boði á viðkomandi námsstofnun og í sérgreininni.

Kennslustjóri skal vera til staðar/ráðinn á viðkomandi sérnámsstað/deild/stofnun og þar skulu vera tilgreindir sérnámshandleiðarar (e. educational supervisor). Allir sérfræðilæknar stofnunar/deildar skulu hafa klínískt leiðbeinandahlutverk (e. clinical supervisors).

Handleiðarar eiga að hafa þekkingu á marklýsingu fyrir það sérnám sem verið er að bjóða, taka virkan þátt í kennslustarfi á sérnámsstaðnum/stofnuninni, aðstoða ef eftir er leitað þegar matsgerðir fara fram, bæði hvað varðar reglubundið mat á frammistöðu sérnámslækna og þegar taka þarf út stöðu námsins og námsstaðarins. Áhersla skal lögð á framþróun sérnámsins og námsstaðarins með hliðsjón af þróun í faginu og kennsluháttum, og reglubundinni uppfærslu marklýsingar með hliðsjón af þróun í faginu og gerð marklýsinga í þeim löndum sem miðað er við á Íslandi. Viðmið skulu bæði vera innlend (almenn þróun á stofnun og í hliðstæðu sérnámi) og alþjóðleg. Kennsluráð skal vera bakland og stuðningshópur kennlustjóra í hverri sérgrein, þó það þurfi ekki fyrir hverja starfsstöð innan sérgreina, svo sem á einstökum heilsugæslustöðvum eða minni viðbótarstöðvum frá megin námsstöð sérgreinar. Vísað er í **Almennar leiðbeiningar og viðmið fyrir sérnám á Íslandi (Gullbókina)** í því sambandi.

Sérnámslæknar þurfa að leggja til álit sitt á náminu a.m.k. einu sinni á ári á fundi með forsvarsmönnum námsins á hverjum námsstað, svo og við námslok (bæði í fullu eða hluta sérnámi), og skrifleg umsögn/umsagnir þar um, vera tiltæk að loknu slíku árlegu framvindumati (sjá Gullbókina). MHN skal nota þessar umsagnir til áframhaldandi viðurkenningar á námsstað. Í umsögn skal vera skýrt um hvaða sérnámsstað/deild/stofnun er fjallað og á hvaða forsendum er byggt í mati á gæðum námsins. Umsagnir skulu vera aðgengilegar til skoðunar fyrir MHN þegar úttekt á námsstað fer fram.

Neðanskráður listi er umræðugrundvöllur sem notaður er í mati á stað sem veitir sérnám (sérnámsstaður). Ráðgert er að bæði forsvarsmenn námsins, leiðbeinendur, kennarar og sérnámslæknar svari þessum atriðum, annaðhvort fyrirfram með spurningalista og/eða þegar viðtal/úttekt fer fram.

Meginatriði sem athuguð eru í úttekt kennslustaðar eru eftirfarandi:

- a. Er starfsemin á nægilega breiðum grunni þannig að markmið í marklýsingu sérnámsins náist?
- b. Er mannaflí nægur og af rétttri gerð til að markmið í marklýsingu sérnámsins náist?
- c. eru húsnæði, staðhættir, almenn og sértæk aðstaða og tækjakostur, öryggismenning og almenn viðhorf þannig að markmið í marklýsingu sérnámsins náist?
- d. Er lækniþjónustan uppbyggð og skipulögð þannig að markmið í marklýsingu sérnámsins náist?
- e. Er störfum á námsstaðnum þannig fyrir komið að þau falli vel að faglegum gildum með tilvísan í **Góða starfshætti lækna** og líkleg til að stuðla að breiðum menntunargrunni sem tryggir þekkingu, getu og færni?
- f. Er viðmót á kennslustaðnum gagnvart skjólstæðingum/sjúklingum og sérnámslæknum þannig að markmið í marklýsingu sérnámsins náist?
- g. Fær sérnámslæknir þjálfun og þekkingu í samvinnu og teymisvinnu?
- h. Er fræðileg kennsla og uppbygging þannig að markmið í marklýsingu sérnámsins náist?
- i. Er eftirlit með framvindu náms til staðar og framkvæmt?
- j. eru möguleikar til vísindarannsókna eða gæðaverkefna til staðar?

#### 4.0 Matsferli.

Fulltrúar/fulltrúi mats- og hæfisnefndar (með starfsmanni nefndarinnar ef unnt er) koma í fyrirfram skipulagða heimsókn á sérnámsstað. Þar er rætt almennt við forsvarsmenn sérnámsins og eftir atvikum starfandi yfirlækni/yfirlækna eininga, sem geta einnig verið viðstödd. Fulltrúar hjúkrunarfræðinga/hjúkrunardeildarstjóra eða annars lykilstarfsfólks einingarinnar má boða sérstaklega til viðræðu.

Farið er yfir eftirfarandi atriði sérstaklega:

1. Marklýsinguna og uppfærslu/breytingar sem kunna að hafa verið gerðar erlendis eða innanlands, sambærileika við marklýsingu hjá hliðstæðum erlendum samtökum í viðkomandi sérgrein ef við á.

2. Sérnámið almennt:

2.1 Fjölda sérnámslækna í námi og æskilegan fjölda í kjarna- og framhaldssérnámi miðað við aðstæður.

2.2 Fjölda sérnámshandleiðara og hvernig uppfærslu kennsluþekkingar þeirra er háttáð.

3. Farið er yfir matsaðferðir sem eru notaðar, og árangur/framvindu sérnámslækna, og útfærslu árlegs framvindumats (ARCP).

4. Rætt er um möguleika sérnámslækna til námsdvala erlendis (námskeið, kynningar, vinnu) í kjarna- og framhaldssérnámi og möguleika á að vera hluta sérnámsins erlendis, möguleika á að fara í akademíska vinnu (meistara- eða doktorsnám) og taka þátt í gæðaverkefnum eða annarri rannsóknatengdri vinnu.

5. Rætt er um kennslugögn sem snúa að nauðsynlegri fræðilegri grunnþekkingu, aðferðafræði og viðlíka efni.

6. Rætt er um mat á færni og getu í ýmsum algengum læknisaðgerðum.

7. Farið er yfir mögulega skriflega samninga um notkun marklýsingar á aðalsérnámsstað og viðbótarstöð(vum) vegna sérnámsins og eftirlit með sérnámframvindu þar.

7.1 Tengslin við skyldar greinar og sérnám innan þeirra verður rætt.

7.2 Önnur atriði sem sérgreinin eða nefndin vilja leggja áherslu á.

8. Rætt er við 2-4 sérnámslækna. Loggbækur sérnámslækna og framvindumats skjöl þarf að vera unnt að skoða í úttektarheimsókn, og fyrir eða eftir heimsókn, ef MHN óskar eftir slíkum gögnum.

MHN ber að senda forsvarsmönnum viðkomandi sérnámsstaðar gæðaviðmið þessi með nægum fyrirvara áður en til úttektar kemur.

Útgáfudagur: 15.01.25.

Endurskoðun: Ekki síðar en 15.01.26.